

AÐSTOÐ EÐA SAMFÉLAG

Hafðu samband við erum til staðar fyrir þig og getum skírt þig þú ert einnig Velkomin í bænahóp, lærdómshóp eða heimahóp hjá okkur. Heimahópar er góður vettvangur til að eiga samfélag og vaxa saman í trú. Á vefnum okkar eru líka samskiptamöguleikar þar sem þú getur óskað eftir niðurdýfingarskírni, fyrirbæni, upplýsingum, viðtali, leiðsögn og fleiru.

**Skoðaðu inná
Mattarverk.is**

Ef þú játar með munni þínum: Jesús er Drottinn - og trúir í hjarta þínu, að Guð hafi uppvakið hann frá dauðum, muntu hólpinn verða. Með hjartanu er trúað til réttlætis, en með munninum játað til hjálpræðis.

Rómverjabréf 10:9-10

M

MÁTTARVERK

BÆNIN FRELSIS

Jesú Kristur,
Ég játa þig sem Drottinn minn og frelsara. Ég trúi því að Jesús hafi dáið fyrir syndir mínar og risið upp frá dauðum. Ég bið þig að koma inn í líf mitt á þessu augnarblikki, ég bið þig að fyrirgefa mér allar syndir mínar. Ég vil treysta og fylgja þér sem mínum frelsara, viltu hreinsa mig með blóði þínu og veita mér heilagan anda.
í Jesú Nafni, Amen.

FRÆÐSLA UM SKÍRNINA

Gjörið iðrun og látið skírast hver og einn í nafni Jesú Krists til fyrirgefningar synda yðar; þá munuð þér öðlast að gjöf heilagan anda. Því að yður er ætlað fyrirheitið, börnum yðar og öllum þeim, sem í fjarlægð eru, öllum þeim, sem Drottinn Guð vor kallar til sín.

Postulasagan 2:38-39



Markús 16:15-16 segir;

Jesús sagði við þá: „Farið út um allan heim og prédikið fagnaðarerindið öllu mannkyni. Sá sem trúir og skírist mun hólpin verða en sá sem trúir ekki mun dæmdur verða.

Hvernig fer skírinn fram

Bókstafleg merking gríska orðsins "baptizo" er að dýfa niður, dýfa undir. Orðið þýðir því: Að dýfa í vatn, þannig að fari á kaf eða fljóti yfir. Þar með sjáum við að þar sem nokkrir dropar eru látnir falla á höfuð ungabarns, er í ósamræmi við það sem er verið að tala um hér. Skírn er fyrir trúaða en ekki smábörn. Það er aðeins siður sem við höfum í samfélagi okkar í dag og hefur rætur sínar í kaþólsku kirkjunni á miðaldartímum þegar ungubarnadauði var algengur og fólk óttaðist hvert börnin færu vegna vanþekkingar á orði Guðs.

Hvænar á að taka skírn

eftirfrandi vers segja greinilega að þeir sem heyrðu, trúðu og tóku á móti fagnaðarerindinu um Guðsríki, fylgdu því eftir með því að láta niðurdýfast.

- Mark. 16:16 Sá sem trúir og skírist mun hólpin verða.
- Post. 8:12-15 Heiðingjar Trúðu og voru skírðir
- Post 8:35-38 Maður frá Epíopíu trúði og lét skírast
- Post 10:47-48 Pétur sagði að heiðingjar skyldu skírast.
- Post 19:4-5 Efesusmenn trúðu og voru skírðir

Hvarvetna í gegnum Nýja testamentið er skírn tengd afturhvarfi. Frumkirkjan þekkti ekkert afturhvarf sem var ekki fylgt eftir með skírn. Sérhver sem tók trú var skírður vanalega samdægurs.

Við öll sem skírð erum til Krists Jesú, erum skírð til dauða hans. Við erum því dáið og greftruð með honum í skírninni. Og eins og faðirinn vakti Krist frá dauðum með dýrðarmætti sínum, eins eigum við að lifa nýju lífi. Fyrst við erum samgróin honum með því að deyja líkt og hann eigum við einnig að vera samgróin honum með því að rísa upp líkt og hann. Við vitum að okkar gamli maður dó með honum á krossi til þess að líkami syndarinnar yrði að engu og við værum aldrei framar þrælar syndarinnar

Rómverjabréfið 6:1-6

Það sem er gott að vita

Rómverjabréfið 7. kafli útskýrir Páll fyrir okkur að kona sem er gift er bundin manni sínum lifandi, eins erum við bundin lögmálinu meðan við lifum en deyji maður hennar er hún laus þeim sáttmála og getur orðið öðrum manni gefin eins erum við að deyja undan lögmálinu og gefin Kristi. Ég skal gefa þér sýnisdæmi; ef maður fer fram af 10. hæð þá tekur þyngdarlögmál við þegar hann skellur í jörðina, þá er það ekki hann sem brýtur lögmálið heldur brýtur lögmálið manninn. Eins þegar við brjótum lögmál Guðs þá eru lagaákvæði sem þjaka að lífi okkar. lestu kafla 6 og 7

1.Pétur 3:21

Skírn sem nú bjargar þér - ekki til að fjarlægja óhreinindi af líkamanum heldur loforð um hreina samvisku til Guðs Eða ákall til Guðs um hreina samvisku. sem, bjargar þér með upprisu Jesú Krists,

Í Skírninni gerum við sáttmála við Jesú.

Með þessu trúarskrefi, þar sem maður snýr frá synd til Guðs, tengist maður dauða Krists, greftrun og upprisu. Í skírninni gröfum við gamla manninn þegar við frelsuðumst. Í skírninni gröfum við það sem vð gerðum meðan við lifðum í synd. Þetta er því í raun útför gamla lífsins og upprisa á því nýja. Guð byggir heilbrigt, líf á þessum byrjunaratriðum að við iðrumst, trúum, látum skírast.

1.Pétur 3:18-22. Skírnin var fyrirmynduð í Nóaflóðinu og vatnið í skírninni frelsar okkur á sama hátt og vatnið frelsaði Nóa. Vatnið aðskildi Nóa frá spilltum heimi. Skírnin aðskilur okkur frá gamla eðlinu. Sbr. 1.Mós 7:21 og 1.Kor. 10:1-4

Postulagsagan 22:16

Hvað dvelur þig nú? Rís upp, ákalla nafn hans og lát skírast og laugast af syndum þínum.

Galatabréfið 3:27

Allir þér, sem eruð skírðir til samfélags við Krist, þér hafið íklæðst Kristi.

Kólossubréfið 2:11-12, 14

Í honum eruð þér einnig umskornir þeirri umskurn, sem ekki er með höndum gjörð, heldur með umskurn Krists, við að afklæðast hinum synduga líkama, þegar þér voruð greftraðir með Kristi í skírninni. Í skírninni voruð þér einnig með honum uppvaktir fyrir trúna á mátt Guðs, er vakti hann upp frá dauðum. Hann afmáði skuldabréfið, sem þjakaði oss með ákvæðum sínum. Hann tók það burt með því að negla það á krossinn."